



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2009

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurlóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is –
www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	4
HLUTVERK OG SKIPULAG.....	6
STARFIÐ 2009	7
RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR	7
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR	7
SKÝRSLUR OG UMSAGNIR	8
ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	8
UMSAGNIR.....	8
SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR	9
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	9
AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA OFBELDIS Á HEIMILUM OG KYNFERÐISLEGS OFBELDIS.....	9
AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN MANSALI	9
JAFNRÉTTISVAKTIN.....	9
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTANNA.....	9
KYNJUÐ HAGSTJÓRN	10
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	10
RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	10
STARFSHÓPUR UM AUKINN HLUT KVENNA Í SVEITARSTJÓRNUM	10
VELFERÐARVAKTIN	10
MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR	11
JAFNRÉTTISTORG.....	11
MEÐ JAFNRÉTTI AÐ LEIÐARLJÓSI – UPPBYGGING Í ALLRA ÞÁGU.....	11
KONUR OG STJÓRNMÁL	11
KVENNASÖGUGANGA	11
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI	12
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGANNA Á ÍSAFIRÐI	12
JAFNRÉTTISÞING.....	12
FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI.....	13
NÁMSKEIÐ	13
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGÖFIN	13
NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU	14
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA	14

VERKEFNI	14
KARLAR TIL ÁBYRGÐAR.....	14
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM	14
SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE	15
AFNEMUM STAÐALÍMYNDIR.....	15
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	15
HEIMASÍÐUR JAFNRÉTTISSTOFU	15
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	16
KVENNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	16
DAGATAL	16
JÖFNUM LEIKINN: HANDBÓK UM KYNJASAMÞÆTTINGU	16
KYNBUNDIÐ OFBELDI; ÁSTAND, LÖG OG AÐGERÐIR Á NORÐURLÖNDUM	17
KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2009	17
AFNEMUM STAÐALÍMYNDIR.....	17
BLOKK, MÖPPUR OG PENNAR.....	17
JÓLAKORT	17
NORRÆNT SAMSTARF	18
NÁMSSTEFNA Í FÆREYJUM	18
JAFNRÉTTI Í SKÓLASTARFI	18
FORELDRAORLOF.....	19
KYN OG VÖLD	19
NIKK – NORRÆNA RANNSÓKNASTOFNUNIN Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM	19
SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALPJÓÐAVETTvangi	19
JAFNRÉTTISRÁÐ	20
KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA	20

FORMÁLI

Árið 2009 verður lengi í minnum haft vegna stórra skrefa sem stigin voru í átt til jafnréttis kynjanna. Mikil mótmæli leiddu til falls ríkisstjórnarinnar og nýrrar minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Í fyrsta sinn settist kona í sæti forsætisráðherra og fjöldi kvenna og karla á ráðherrastólum varð sá sami í fyrsta sinn í sögu landsins. Í apríl fóru fram alþingiskosningar og óx hlutur kvenna úr 33% (miðað við kosningarnar 2007) í 43%. Þar með komst Ísland upp í fjórða sæti á lista Alþjóða þingmannasambandsins en féll síðan í það fimmta. Í öðru ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur minnkaði hlutur kvenna að nýju en það breyttist síðar á árinu er einn karlráðherranna sagði af sér og kona tók við. Ísland varð því eitt örfárra landa þar sem hlutfall kvenna og karla er jafnt í ríkisstjórnnum.

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu og lét ekki sitt eftir liggja í jafnréttismálum. Jafnréttisstofa tók að sér að halda utan um fjögur verkefni og var það mikið starf. Haldin var námsstefna í Færeyjum um jafnrétti í skólastarfi og jafnréttislöggjöf ásamt þremur ráðstefnum um jafnrétti í skólastarfi, foreldraorlof á Norðurlöndum og kyn og völd. Fjallað verður nánar um ráðstefnurnar síðar í skýrslunni.

Mikill tími starfsfólks á Jafnréttisstofu á árinu fór í að sinna norrænu verkefnunum en margt fleira var gert. Á vordögum var haldin námsstefna verkefnisins Jafnrétti í leik- og grunnskólum. Verkefnisstjórinn Arnfríður Aðalsteinsdóttir heimsótti fjölda skóla, fór á fund skólastjórnenda, skólaskrifstofa og annarra sem áhuga höfðu. Fyrri hluta verkefnisins Samstíga (Side by side) sem stutt er af Evrópusambandinu lauk á árinu og síðari hlutinn tók við. Verkefnið gengur út á að útbúa námsefni um kynjasambættingu og halda námskeið um hana einkum fyrir stjórnendur í opinbera geiranum. Bergljót Þrastardóttir, Hugrún Hjaltadóttir og Tryggvi Hallgrímsson halda utan um verkefnið. Jafnréttisstofa tók þátt í Evrópuverkefninu Útrýmum staðalímyndum, en það var um afnám heftandi staðalímynda með hvatningu um að nýta mannauðinn. Ingibjörg Elíasdóttir stýrði verkefninu hér á landi og voru haldin alls þrjú námskeið en von er á framhaldi. Verkefnið Karlar til ábyrgðar hélt áfram og hafa nú hátt í 60 karlar fengið meðferð á vegum þess.

Útgáfa náms- og fræðsluefnis var blómleg á árinu. Í upphafi árs var gefið út dagatal í tilefni af 30 ára afmæli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Síðan kom út bókin Jöfnum leikinn sem fjallar um sambættingu kynjasjónarmiða inn í alla stefnumótun og bæklingurinn Jöfnum leikinn: kynjasambætting og jafnréttisáætlanir. Einnig voru jafnréttislögin gefin út í sérprentun. Í Evrópuverkefninu Útrýmum staðalímyndum voru gefin út tvö hefti, Afnemum staðalímyndir kynjanna, annars vegar úrræði fyrir ráðgjafa og hins vegar verkfærakista. Bæklingurinn Konur og karlar á Íslandi 2009 var gefinn út í þriðja sinn bæði á íslensku og ensku og bæklingurinn Gender Equality in Iceland var endurskoðaður. Þá var prentað plakat tileinkað baráttu gegn kynbundnu ofbeldi en það vann til verðlauna á síðasta ári. Bergljót Þrastardóttir hefur yfirumsjón með allri útgáfu Jafnréttisstofu meðan Anna Hallgrímsdóttir heldur utan um fjármálin. Allar þessar útgáfur má fá sendar eða nálgast rafrænt á heimasíðu stofunnar.

Starfsfólk Jafnréttisstofu hefur tekið þátt í starfi ýmissa hópa og nefnda á árinu. Þar má nefna jafnréttisvaktina, Atvinnumál kvenna styrktarsjóð, stýrihóp sem fylgir eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi, starfshóp um aðgerðaáætlun gegn mansali, hóp um smíði

á jafnlaunastaðli, kynjaða hagstjórn og nefnd til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum svo það helsta sé nefnt.

Jafnréttisstofa tekur verulegan þátt í erlendu samstarfi. Jafnréttisstýra sótti fundi jafnréttisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar vegna formennskuársins en hún situr einnig í jafnréttisnefnd EFTA og ráðgjafarhópi Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Hún fór einnig á fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York. Hugrún Hjaltadóttir er nú fulltrúi í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og Tryggvi Hallgrímsson hefur flutt fyrirlestra í Stokkhólmi og Brussel um kreppuna og áhrif hennar á kynin. Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Ingibjörg Elíasdóttir fluttu fyrirlestra um jafnrétti í leik- og grunnskólum og um jafnréttislög á námsstefnu í Færeyjum. Þá hefur starfsfólk flutt fyrirlestra víða um land og farið í heimsóknir til félaga og stofnana.

Árið 2009 var viðburðaríkt hjá Jafnréttisstofu eins og áður hefur komið fram. Þann 19. júní var farið í kvennasögugöngu um Innbæinn á Akureyri og var þátttaka góð. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga var haldinn á Ísafirði í byrjun september og var aðal umræðuefnið kyn og völd með komandi sveitarstjórnarkosningar í huga. Að venju tók Jafnréttisstofa þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi frá 25. nóvember til 10. desember og var efnt til samkomu 10. des. á lokadegi átaksins sem er mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna. Að loknum fundi var farin ljósaganga að Ráðhústorginu á Akureyri þar sem samstaða var sýnd með því að þátttakendur mynduðu hring á torginu.

Merkileg skref voru stigin en margt er eftir enn. Lítið dró úr kynbundnum launamun en fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður er líða tekur á kreppuna. Atvinnuleysi var meira meðal karla en kvenna en mjög mikilvægt er að hafa bæði kyn í huga við alla atvinnusköpun. Sköpunarstarf og þjónusta skilar líka arði í þjóðarbúið rétt eins og fiskveiðar, húsasmíði og brúargerð og lítil fyrirtæki skipta miklu máli. Niðurskurður í velferðarkerfinu er mikið áhyggjuefni og þarf að fylgjast vel með því hvernig hann bitnar á kynjunum, hvoru um sig. Þegar á heildina er lítið var árið 2009 annasamt en gefandi. Jafnrétti kynjanna var svo sannarlega á dagskrá og umræða var mikil ekki síst vegna allra ráðstefnanna en betur má ef duga skal.

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2009 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Huguína R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir, Tryggvi Hallgrímsson og Svala Jónsdóttir en hún lét af störum í lok árs. Hjálmar Sigmarsson fór í leyfi árið 2008 til þess að sinna starfi á vegum UNIFEM í Sarajevo þar sem hann dvaldi allt árið 2009.

Jafnréttisstofa styrkir stöðu lektors við Háskóla Íslands á sviði karlafræði, fæðingarorlofs og jafnréttismála. Stöðunni gegnir Ingólfur V. Gíslason sem áður starfarði hjá Jafnréttisstofu. Samningurinn um stöðuna er til fimm ára og tók hann gildi 31. desember 2007.

Sumarið 2009 var Guðmundur Ævar Oddsson, félagsfræðingur, ráðinn til þess að vinna greiningu á gögnum frá fæðingarorlofsjóði um fæðingarorlofstöku foreldra. Markmiðið með vinnunni var að lýsa því hvernig foreldrar skipta með sér rétti til orlofstöku. Verkefnið var unnið í samstarfi við Vinnuálastofnun og verður einnig hluti af stærra verkefni tengt formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Í samræmi við 4. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna
- koma með tillögum að sértækum aðgerðum
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram í lögum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagsamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

STARFIÐ 2009

RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félag, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf og aðstoð varðandi málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvuskeyti send þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál. Sum mál eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs.

Jafnréttisstofa veitir lagalega ráðgjöf til einstaklinga og lögaðila sem þangað leita Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum, eftir því hvað á við í hverju tilfalli. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærufærlid.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Fyrirtæki sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnréttismál í starfsmannastefnu sinni, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa veitir stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2009, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

Undir lok ársins var hrint í framkvæmd miklu eftirlitsátaki, en þá sendi Jafnréttisstofa öllum sveitarfélögum á landinu bréf og óskaði eftir því að fá senda jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga skulu, skv. 2. mgr. 12. gr. jafnréttislaga, hafa umsjón með því að slíkar áætlanir séu gerðar. Um áramót höfðu borist svör frá 26 sveitarfélögum af 77. Eftirlitsátaki þessu verður fram haldið í byrjun árs 2010.

SKÝRSLUR OG UMSAGNIR

ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga gerir Jafnréttisstofa tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra um verkefni og fleira sem ætti að vera í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót. Síðasta framkvæmdaáætlun rann út 2008. Sú áætlun var gerð upp með skýrslu á Jafnréttisþingi í janúar 2009. Á þinginu var lagður grundvöllur að nýrri áætlun en stjórnarslit og kosningar hafa tafið verkefnið. Samkvæmt 11. grein jafnréttislaga á þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum að liggja fyrir ári eftir kosningar og er nú miðað við að þingsályktunartillagan fari fyrir Alþingi á vormánuðum 2010.

UMSAGNIR

Mikilvægt er að jafnréttisumsögn fylgi sumum lagafrumvörpum og þingsályktunum. Slík umsögn ætti helst að fylgja öllum lagafrumvörpum. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2009:

Mál nr. 14, þskj. 14, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Mál nr. 226, þskj. 251, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og fleiri lögum

Mál nr. 239, þskj. 274, frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur ofl.)

Mál nr. 256, þskj. 292, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins

Mál nr. 257, þskj. 293, frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt

Mál nr. 273, þskj. 314, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum

Mál nr. 356, þskj. 606, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Mál nr. 274, þskj. 315, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðarsjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum

Auk þessa veitti Jafnréttisstofa umsögn um drög að frumvarpi til laga um fjölmiðla þann 11. nóvember 2009 og um tillögu til þingsályktunar um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála þann 30. nóvember 2009.

SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnréttismál. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Rétt er hér að nefna nokkra samninga:

ILO – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuumálastofnuninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Þær samþykktir sem snúa að jafnréttismálum eru nr. 100 og 111. Jafnréttisstofa sendi frá sér skýrslur um þær samþykktir á árinu 2009.

Evrópuráðið – Jafnréttisstofa svarar spurningum sem berast frá Evrópuráðinu og varðar jafnréttismál. Á árinu 2009 bárust spurningar um löggjöf sem snertir ofbeldi í nánnum samböndum.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA OFBELDIS Á HEIMILUM OG KYNFERÐISLEGS OFBELDIS

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi gegn konum. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar.

Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Við gerð áætlunarinnar voru meðal annars höfð til hliðsjónar drög frjálsra félagasamtaka að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem hafði verið send einstökum fagráðherrum í apríl 2005. Var hún samþykkt árið 2006 og er endurskoðun á henni áætluð árið 2010.

AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN MANSALI

Starfsmaður Jafnréttisstofu sat í vinnuhópi um aðgerðaáætlun gegn mansali. Hópurinn skilaði áætluninni til félags- og tryggingamálaráðherra snemma árs 2009. Aðgerðaáætlunin var samþykkt í ríkisstjórn þann 17. mars 2009 og þar með var langþráðum áfanga í baráttunni gegn mansali náð.

JAFNRÉTTISVAKTIN

Ríkisstjórnin samþykkti í upphafi árs að setja á fót vinnuhóp til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna til þess að tryggja að við endurreisn íslensks efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarháttanna verði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi. Leitað var til fjölda stofnana, félagasamtaka, hagsmunahópa og sérfræðinga og óskað eftir gögnum sem gætu sagt til um breytingar á stöðu kynjanna vegna efnahagsþrenginganna. Þá var mikil og góð samvinna við velferðarvaktina sem sett var á laggirnar af félags- og tryggingamálaráðherra um svipað leyti og jafnréttisvaktin. Jafnréttisstofa átti fulltrúa í vaktinni en hún skilaði skýrslu sinni til ráðherra í mars.

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTANNA

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíðri viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess.

Jafnréttisstofa og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi. Á þeim fundum fer fram fræðsla fyrir jafnréttisfulltrúana og þeir samhæfa störf sín.

KYNJUÐ HAGSTJÓRN

Á árinu 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnisstjórninni.

Markmið verkefnisstjórnarinnar er að við stefnumótun og gerð fjárlagafrumvarps ársins 2011 verði unnt að stíga fyrsta sýnilega skrefið í innleiðingu umræddra leikreglna á grundvelli tillagna frá stjórninni. Verkefnastjórnin er með sér heimasíðu á slóðinni:

http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom því verkefni af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnar ætlaðir sem mótvægi við það og sem tækifæri fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi kvenna að fjármagni. Frá því ársbyrjun 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu setið í ráðgjafarnefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til félags- og tryggingamálaráðherra um styrkveitingar.

STARFSHÓPUR UM AUKINN HLUT KVENNA Í SVEITARSTJÓRNUM

Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skipaði starfshóp sem ætlað var að leggja fram tillögur um aðgerðir og leiðir til að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnnum við næstu sveitarstjórnarkosningar. Skoða átti sérstaklega þörf fyrir aðgerðir í minni sveitarfélögum. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra í október 2009 og var strax farið að vinna úr þeim.

VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin hafði skilað skýrslu sinni til ráðherra var ákveðið að eðlilegast væri að starfsemi hennar mundi renna inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmið þess er að tryggja að jafnréttissjónarmiðin verði eðlilegur hluti af því starfi sem Velferðarvaktin stendur fyrir. Var Þorhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs skipuð aðalmaður og Kristín Ástgeirsdóttir, varamaður hennar.

MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér eru nefndir nokkrir slíkir fundir.

JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Í ár voru haldnir þrjú fyrirlestrar.

Í janúar flutti Ástráður Haraldsson hrl. erindið: Skiptir skóstærð máli þegar ráðið er í stöður hjá ríkinu? Í erindinu kom fram að á undanförunum árum hafa iðulega risið deilur um að hve miklu leyti stjórnvöld geti sjálf ákveðið hvaða sjónarmið liggja til grundvallar ákvörðunum um val á milli umsækjenda um opinberar stöður. Rætt var um álitaefni sem þessu tengjast í ljósi dómafordæma og álita Umboðsmanns Alþingis einnig var vikið að hlutverki Jafnréttislaga og staða þeirra skoðuð í ljósi dómafordæma og álita Kærunefndar jafnréttismála.

Í mars flutti Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu erindi um jafnréttisfræðslu í skólum undir yfirskriftinni: Erum við fallin í jafnréttisfræðslu? Í erindi Arnfríðar kom fram að þrátt fyrir að hér á landi hafa lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verið í gildi í rúm þrjátíu ár sé enn langt í land hvað raunverulegt jafnrétti varðar. Ef raunverulegt jafnrétti á að nást þarf hugarfarsbreytingu og henni náum við ekki nema með því að fræða börn og unglinga um jafnréttismál. Þar gegnir skólinn mikilvægu hlutverki.

Í október flutti Auður Styrkárstöttir erindi um verkefnið Kyn og völd sem hún hefur unnið við undanfarið ár ásamt Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur á vegum NIKK, fyrir Norrænu ráðherranefndina. Verkefnið lýsir stöðu kvenna og karla á sviði stjórn mála og efnahagsmála á öllum Norðurlöndum síðastliðin 15 ár og leitast við að draga fram þá þætti sem gætu skýrt hugsanlegan mun á stöðu kynjanna.

MED JAFNRÉTTI AÐ LEIÐARLJÓSI – UPPBYGGING Í ALLRA ÞÁGU

Árlega stendur ASÍ, BHM, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa að fundi í tilefni af alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars. Árið 2009 var ákveðið að helga daginn erfiðleikum í efnahagslífinu, hvaða áhrif þeir hafa haft á stöðu kynjanna og leiðir til þess að tryggja að uppbyggingin sem framundan er verði í þágu beggja kynja.

KONUR OG STJÓRN MÁL

Þann 8. mars stóð Jafnréttisstofa fyrir fundi um stöðu kvenna í stjórn mála á hóteli KEA á Akureyri en frummælendur voru Valgerður Sverrisdóttir, fyrrum þingkona, Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri og Birgir Guðmundsson stjórn málafræðingur.

KVENNASÖGUGANGA

Farið var í tvær kvennasögugöngur á Akureyri á árinu. Sú fyrri var farinn þann 19. júní til þess að minnst þess að konur hlutu kosningarétt þann dag árið 1915. Jafnréttisstofa, Akureyrarbær, Minjasafnið á Akureyri og Zonta-klúbbarinn á Akureyri stóðu fyrir göngunni að þessu sinni og tóku um hundrað manns þátt í henni. Kristín Sigfúsdóttir, bæjarfulltrúi, ávarpaði göngugesti við upphaf göngunnar og síðan var haldið af stað inn innbæinn undir leiðsögn Elínar Antonsdóttur.

Seinni gangan var farin í þann 9. júl í tilefni af Landsmóti Ungmennafélags Íslands sem haldið var á Akureyri að þessu sinni. Gangan fór fram undir leiðsögn Kristínar Ástgeirsdóttur og Bergljótar Þrastardóttur og var vel sótt. Á leið um innbæinn vitjuðu göngugestir ýmissa kvenna sem þjuggu og störfuðu í innbænum. Staldráð var við við heimili Vilhelminu Lever, Ragnheiðar O. Björnsson, Önnu Þorbjargar, Elísabetar Geirmundsdóttur og fleiri kvenna.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Jafnréttisstofa tók þátt í 16. daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi en dagsetningar átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, voru valdar til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Fjöldi samtaka og stofnana koma að áttakinu.

Í ár voru prentuð veggspjöld með mynd eftir Bergnýju Sjöfn Sigurbjörnsdóttur sem vann hönnunarkerppni sem haldin var í fyrra, í samstarfi við Myndlistaskólann á Akureyri. Veggspjöldin voru send á alla framhaldsskóla ásamt bréfi þar sem átakið var kynnt og boðin fræðsla um málefnið. Jafnréttisstofa skipulagði hátíðardagskrá í Menntaskólanum á Akureyri á lokadegi átaksins þar sem aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi vara kynnt ásamt því að Þórdís Elfa Þorvaldsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir héldu erindi. Nemendur í Menntaskólanum tóku virkan þátt í dagskránni en þeir höfðu hannað kröfuspjöld og unnið verkefni tengd kynbundnu ofbeldi. Að ofangreindri dagskrá lokinni var haldið í ljósagöngu niður að Ráðhústorg þar sem fólk söng og tók höndum saman og myndaði handaband um torgið til að sína samstöðu.



LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGANNA Á ÍSAFIRÐI

Í ár var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaganna haldinn á Ísafirði dagana 10.–11. september. Fyrri dagurinn bar yfirskriftinna Komandi sveitarstjórnarkosningar og jafnréttisstarf í sveitarfélögum og var dagskráin opin öllum áhugasömum. Seinni dagurinn var helgaður jafnréttisstarfi sveitarfélaganna með sérstaka umfjöllun um Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum sem nokkur íslensk sveitarfélög hafa gerst aðilar að.

JAFNRÉTTISÞING

Í samræmi við 10. grein jafnréttislaga boðaði félags- og tryggingamálaráðherra og Jafnréttisráð til Jafnréttisþings þann 16. janúar. Þetta var fyrsta þingið sem haldið var eftir að nýju jafnréttislögin tóku gildi þar sem jafnréttisþing var tekið upp aftur eftir hlé. Á þinginu var fjallað um fjölmargar hliðar jafnréttisbaráttunnar, svo sem launajafnrétti kynjanna, kynbundið ofbeldi, jafnrétti í atvinnulífi, karla og jafnrétti og jafnréttisstarf í skólum. Auk þess sem drög að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum var kynnt á þinginu, en tilgangur þingsins var meðal annars að gefa almenningi og fulltrúum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka kost á að skila inn hugmyndum og ábendingum vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Jafnréttisstofa kom að undirbúningi þingsins á ýmsan hátt og tók starfsfólk stofunnar virkan þátt í dagskrá þingsins. Kristín Ástgeirsdóttir flutti erindið „Jafnrétti kynjanna – lúxus eða þjóðhagsleg nauðsyn?“ Aðrir starfsmenn tóku þátt í málstofum og flutti Ingibjörg Elíasdóttir erindið „Framkvæmdaáætlun sem tæki stjórnvalda“ og Arnfríður Aðalsteinsdóttir flutti erindið „Verkefnið

Jafnréttisfræðsla í skólum“, auk þess var Tryggvi Hallgrímsson málstofustjóri og Hugrún R. Hjaltadóttir ritari í málstofu. Jafnréttisstofa var með sé kynningarbás þar sem útgáfuefni stofunnar og starfsemi hennar voru kynnt en þar stóðu Bergljót Prastadóttir og Anna Hallgrímsdóttir vaktina.

Þingið var öllum opið, en samkvæmt lögum skal sérstaklega boða til þess alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðar og fulltrúa frjálsra félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni. Þátttaka var mjög mikil og góðar umræður einkenndu þingið.

FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan lands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan hefur verið samstarfaðili að.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, áhrif efnahagskreppunnar á kyn og vinnustaðamenningu. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt erindi og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

Jafnréttisstýra flutti erindi á jafnréttisþinginu sem haldið var í janúar í samræmi við 10. gr. jafnréttislaga. Hún flutti erindi um Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CEDAW) á opnum fundi sem utanríkisráðuneytið stóð fyrir í mars í tilefni af 30 ára afmæli sáttmálans og aftur af sama tilefni 10. des. á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna á Akureyri. Þá má einnig nefna erindi sem hún flutti hjá kvennahópi innan Alþýðusambands Íslands og erindi á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga í september. Tryggvi Hallgrímsson flutti einnig tvö erindi erlendis á árinu. Annarsvegar á ráðstefnu um samband jafnréttis og efnahagsmála, í Stokkhólmi. Hinsvegar á ráðstefnu um sameiginlega vinnumálastefnu Evrópusambandsins (European Employment Strategy). Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Ingibjörg Elíasdóttir fluttu erindi í Þórshöfn í Færeyjum í byrjun júní, Arnfríður um verkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum og Ingibjörg um jafnréttislögin íslensku og helstu nýmæli í þeim.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin af þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætla.

STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGÖFIN

Námskeiðið er um það bil tvær klukkustundir að lengd en getur verið aðlagð að þörfum þeirra sem óska eftir því. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina

ásamt því að þátttakendur eru hvattir til þess að ræða málin og takast á um hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið er um það bil fjórar klukkustundir að lengd sem sérstaklega er hugsað fyrir stofnannir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf. Hvert námskeið er aðlagð að þeim sem óska eftir því og reynt er að taka inn dæmi tengd þeim vinnustað sem á í hlut hverju sinni.

NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU

Námskeiðið er um það bil fjórar klukkustundir að lengd og er sérstaklega er hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja samþættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallar atriði kynjasamþættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að samþættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni Jöfnum leikinn.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum hefur Jafnréttisstofa boðið upp á fyrirlestra (1 klst.), fræðslufundi (2 - 3 klst.) og námskeið (4 – 8 klst.) í skólum með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla.

VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 og var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðaúrræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarúrræðið aðeins fyrir þá. Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri og umsjón þess er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Á árinu lauk verkefninu Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum sem var samstarfsverkefni félags- og



tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Menntamálaráðuneytið studdi verkefnið og lagði framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum. Verkefnið sem var hugsað til eins árs, miðaði að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í leik- og grunnskólum landsins. Verkefnið var tvíþætt, annars vegar uppsetning og viðhald heimasíðu um jafnréttismál og skólastarf og hins vegar jafnréttisfræðsluverkefni sem unnin voru í fimm leikskólum og fimm grunnskólum

skólaárið 2008-2009. Í lokaskýrslu verkefnisins er lagt mat á verkefnið og settar fram tillögur um eflingu jafnréttisstarfs í skólum landsins. Arnfríður Aðalsteinsdóttir stýrði verkefninu.

SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE

Jafnréttisstofa hlaut styrk úr PROGRESS sjóði Evrópusambandsins til að halda áfram með verkefnið Side by side – Samstíga. Markmið verkefnisins er að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnslu. Á árinu voru haldin mörg námskeið í tengslum við verkefnið. Í maí var blásið til námskeiðs fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og hátt setta embættismenn í ráðuneytunum um grundvallaratriði kynjasamþættingar. Mætingin þótti góð og tóku nokkrir ráðuneytisstjórar þátt. Kennari var Ann Boman, sænskur sérfræðingur um kynjasamþættingu. Hún hélt einnig námskeið fyrir starfsfólk Jafnréttisstofu og aðra sérfræðinga sem þurfa að nýta sér þessa þekkingu í starfi.

Gefin var út handbók um kynjasamþættingu sem hlaut nafnið Jöfnum leikinn, ásamt litlum kynningarbæklingi, möppu og bókamerki. Í tengslum við verkefnið hefur verið haldið úti heimasíðu þar sem safna á og miðla efni um samþættingu á meðan á verkefninu stendur. www.samstiga.is

AFNEMUM STAÐALÍMYNDIR

Jafnréttisstofa tók þátt í Evrópuverkefni á síðasta ári um afnám heftandi staðalímynda með hvatningu til stjórnenda og framkvæmdastjóra um að nýta mannauðinn. Markmið verkefnisins var að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að eflast með því að segja skilið við staðalímyndir kynjanna og hámarka getu starfsmanna. Í tengslum við verkefnið hefur verið þýtt námsefni sem miðar sérstaklega að því að fræða atvinnurekendur. Jafnréttisstofa stýrði verkefninu hér á landi og voru haldin alls þrjú námskeið, eitt á Akureyri og tvö í Reykjavík, en von er á framhaldi.

ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

Upplýsinga- og fræðsluskylda Jafnréttisstofu er stór hluti af starfi hennar. Til þess að sinna því heldur stofan úti nokkrum heimasíðum auk heimasíðu stofunnar sjálfar. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum stofunnar sjálfar eða í samstarfi við aðra aðila. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

HEIMASÍÐUR JAFNRÉTTISSTOFU

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is en Jafnréttisstofa hefur það að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er að finna safn af fræðsluefni og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og atburðadagatal með helstu atburðum sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa er einnig með enska heimasíðu. Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að gefa út allt sitt efni rafrænt svo það sé sem aðgengilegast og nýtist sem best og er það að finna á heimasíðunni.

Jafnréttisstofa er einnig með nokkrar minni síður tengdar ákveðnum verkefnum sem unnar eru á hennar vegum. Ein slík síða var opnuð á árinu <http://formennska2009.jafnretti.is/> í tengslum við formenskúáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og þeim hluta hennar sem snýr að jafnréttismálum. Aðrar síður eru: kynningarsíða fyrir verkefnið Karlar til ábyrgðar www.karlarilabyrgdar.is, samskipta- og upplýsingarsíða fyrir þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum www.jafnrettiiskolum.is, fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið Samstíga á slóðinni

www.samstiga.is, og Evrópuverkefnið Tea for two <http://www.tft.gender.is>. Einnig er tengill á verkefnið Eyðum staðalímyndum upplýsingasiða fyrir verkefnið Afnumum staðalímyndir á slóðinni <http://www.businessandgender.eu/splash>.

GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU

Á árinu voru birtar greinar á heimasíðunni hálfsmánaðarlega um jafnréttismál. Höfundar þeirra voru bæði starfsfólk stofunnar og annað fólk sem lætur sig jafnréttismál varða með einum eða öðrum hætti. Greinarnar í ár voru 29 og voru efnistökin fjölbreytt. Sumar greinarnar voru sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, aðrar voru fyrirlestur sem breytt var í greinar, og enn aðrar sem höfðu áður birst annarsstaðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru m.a. Arnar Gíslason, Gerður Kristný Guðjónsdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Hans Kristinn Guðmundsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir.

KVENNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð 30 ára þann 18. desember 2009. Í tilefni þess gaf Mannréttindaskrifstofa Íslands út fræðslurit um Kvennasáttmálann, í samstarfi við Jafnréttisstofu, félags- og tryggingamálaráðuneyti, UNIFEM á Íslandi og utanríkisráðuneyti. Með útgáfu rits um Kvennasáttmálann er ætlunin að stuðla að aukinni þekkingu á réttindum kvenna og þar með að samfélagi þar sem konur njóta jafnréttis, mannhelgi, borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda og óttaleysis um líf og afkomu. Kvennasáttmálinn tekur til flestra þátta daglegs lífs. Með aðild að sáttmálanum skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til að efla stefnu, lög, stofnanir og viðhorf sem tryggja jafnrétti kynjanna. Sáttmálinn kveður á um aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum á öllum sviðum mannlífsins.



DAGATAL

Í upphafi árs gaf Jafnréttisstofa út dagatal í tilefni 30 ára afmælis samnings um afnám allrar mismunar gagnvart konum eða Kvennasáttmálans sem var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 18. desember 1979. Kvennasáttmálinn var fullgiltur af Íslands hálfu þann 18. júlí 1985. Dagatalið var sent í alla skóla á landinu, ráðuneytin og aðrar opinberar stofnanir. Dagatalinu var einnig dreift á helstu ráðstefnum og námskeiðum sem Jafnréttisstofa kom að auk þess sem einstaklingar gátu nálgast dagatalið hjá stofunni.



JÖFNUM LEIKINN: HANDBÓK UM KYNJASAMÞÆTTINGU

Í tengslum við verkefnið Samstíga gaf Jafnréttisstofa út bókina Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasamþættingu. Handbókin er mjög hagnýt við framkvæmd kynjasamþættingar en í henni er farið í gegnum skilvirkar aðferðir auk þess sem dæmi eru gefin um íslensk samþættingarverkefni. Dæmin sýna hvernig stuðla má að auknum gæðum í þjónustu og öllum starfsháttum stofnana og fyrirtækja með jafnrétti að leiðarljósi. Bókin er þýdd og staðfærð útgáfa af JämStöd, metodbok för jämställdhetsintegrering (SOU 2007:15). Samhliða bókinni var gefinn út kynningarbæklingur um kynjasamþættingu undir titlinum Jöfnum leikinn: kynjasamþætting. Í honum er leitast við að skýra



hugtakið og kynna eina aðferð við framkvæmd samþættingar. Síðar á árinu kom svo út handbókin Jöfnum leikinn. Kynjasamþætting og jafnréttisáætlanir.

KYNBUNDIÐ OFBELDI; ÁSTAND, LÖG OG AÐGERÐIR Á NORÐURLÖNDUM

Kynbundið ofbeldi hefur fengið aukna athygli alþjóðasamfélagsins allt frá því að kvennasáttmáli Sameiniðupjóðanna var samþykktur árið 1979. Í kjölfarið hafa þjóðir heims unnið að markmiðum yfirlýsinga, framkvæmdaáætlana og samninga og óumdeilt að staðan í þessum málaflokkum hefur breyst mikið, bæði hvað varðar löggjöf og vilja ríkisstjórna til að standa sig betur. Á árinu 2008 lét Jafnréttisstofa taka saman skýrslu um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu hvað varðar upprætingu ofbeldis gegn konum. Í skýrslunni eru alþjóðaskuldbindingar landsins skoðaðar og hvort stjórnvöld uppfylli þær skuldbindingar með löggjöf og aðgerðaráætlunum sem settar hafa verið síðastliðin ár. Staðan hérlandis er borin saman við stöðuna á hinum Norðurlöndunum og að lokum eru dregnar saman helstu niðurstöður. Skýrslan var gefin út í ársbyrjun 2009 og er hana að finna á heimasíðu stofunnar.

KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2009

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa, í samstarfi við Hagstofu Íslands og félags- og tryggingarmálaráðuneytið, gefið út bækling með tölfraeðiupplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku.

AFNEMUM STAÐALÍMYNDIR

Í verkefninu Eyðum staðalímyndum voru gefnir út tveir bæklingar með úrræðum fyrir stjórnendur, starfsmannastjóra og ráðgjafa lítilla og meðalstórra fyrirtækja til þess að vinna gegn heftandi staðalímyndum og nýta mannauð betur. Þessir bæklingar voru þýddir á íslensku og eru fáanlegir hjá Jafnréttisstofu á vefnum: www.businessandgender.eu. Einnig voru gefnir út DVD diskar með stuttum myndböndum frá ýmsum þáttökulöndum, þar sem sagt var frá jafnréttisstarfi í fyrirtækjum. Diskarnir eru fáanlegir hjá Jafnréttisstofu.



BLOKK, MÖPPUR OG PENNAR

Jafnréttisstofa heldur mikið af námskeiðum, fundum og fyrirlestrum. Gott er að geta boðið gestum upp á möppu, skrifblokk og penna til að punkta niður athugasemdir með.

JÓLAKORT

Jafnréttisstofa stóð fyrir teikni- og ljóðasamkeppni á grunnskólastigi á árinu í samstarfi við Eymundsson en í kjölfarið var besta innsenda myndin gefin út sem jólakort frá Jafnréttisstofu.

NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa komi að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggist upp á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „Äk-Jäm“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í „Äk-Jäm“.

FORMENNSKA Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI

Árið 2009 fór Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Jafnréttismálin voru í brennidepli og voru haldnar þrjár stórar ráðstefnur á Íslandi auk þess sem haldin var námsstefna í Færeyjum. Jafnréttisstofa hélt utan um þennan hluta formennskuáætlunarinnar og var ákveðið að opna sér heimasíðu um jafnréttismálin á slóðinni: <http://formennska2009.jafnretti.is/>



NÁMSSTEFNA Í FÆREYJUM

Í norrænu samstarfi hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á samvinnu Færeyja, Grænlands og Íslands, meðal annars á sviði jafnréttismála. Í tilefni af formennsku Íslands var boðað til tveggja daga námstefnu í Færeyjum í byrjun júní um jafnrétti í skólastarfi og jafnréttislög. Í upphafi námstefnunnar flutti Kaj Leo Johnnesen, Lögmaður Færeyja, ávarp og Carita Peltonen sem hefur stýrt jafnréttismálum hjá Norrænu ráðherranefndinni flutti yfirlitserindi um þróun og stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum.

Á námsstefnunni um jafnrétti í skólastarfi var greint frá aðgerðum danskra yfirvalda til að auka jafnréttisfræðslu í skólum, annars vegar í leikskólum, hins vegar á öðrum skólastigum. Einnig var fjallað um verkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum, færeyskar lestrarbækur og ýmsar aðferðir sem beitt er í sænskum skólum til að brjóta upp hefðbundin mynstur.

Á námsstefnunni um jafnréttislög var farið yfir þróun jafnréttislaga á Norðurlöndum og þá reynslu sem nú er komin af framkvæmd þeirra, eftirfylgni og endurskoðun. Greint var frá rannsókn sem verið er að vinna um stöðu kvenna í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Að auki var fjallað um jafnréttislöggjöf í Færeyjum, væntanlega mismunarlöggjöf í Noregi og íslensku jafnréttislögin og helstu nýmæli í þeim.

JAFNRÉTTI Í SKÓLASTARFI

Í september var haldin ráðstefna þar sem fyrirmýndarverkefni frá öllum Norðurlöndunum á sviði jafnréttisstarfs í skólum voru kynnt og farið var yfir stöðu mála í Evrópu á sviði jafnréttisstarfs í skólum. Þróunarverkefni um jafnréttisstarf í skólum hafa undanfarin ár verið unnin á Norðurlöndum og á Íslandi hefur verið unnið í tvö ár að þróunarverkefninu Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Fyrirlesarar komu frá Danmörku, Noregi og Finnlandi auk þess sem margir Íslendingar komu að henni. Aðalfyrirlesari var Mike Younger, deildarforseti kennaradeildar Cambridge-háskóla.

FORELDRAORLOF

Í október var haldin ráðstefna um fæðingarorlof og fæðingarorlofsrannsóknir á Norðurlöndunum. Á ráðstefnunni gerðu kunnir norrænir fræðimenn grein fyrir rannsóknum sínum á þessu sviði og skýrt var frá stefnumörkun stjórnvalda. Aðalfyrirlesari var Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmálafræði og félagsfræði við New York háskóla. Einnig voru kynntar bráðabirgðaniðurstöður úr samanburðarrannsókn á fæðingar- og foreldraorlofi á Norðurlöndum sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni. Í rannsókninni er m.a. leitað svara við því hvernig orlofsréttur er nýttur og hvaða áhrif það hefur á heilsu, samband foreldra og barna og stöðu kynja á vinnumarkaði. Dr. Ingólfur V. Gíslason og dr. Guðný Björk Eydal stýra rannsókninni en niðurstöður eru væntanlegar árið 2010.



KYN OG VÖLD

Í nóvember var haldin ráðstefna þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknarverkefnisins Kyn og völd, sem unnin var af NIKK og breiðum hópi norrænna fræðimanna, að ósk Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Kirsti Niskanen stýrði rannsókninni en hún var tvíþætt. Annarsvegar var safnað saman upplýsingum um kyn og völd í stjórnmálum og þær greindar, hinsvegar var valdakerfi atvinnulífsins skoðað út frá kynjasjónarmiði. Á ráðstefnunni voru helstu niðurstöður kynntar og fjallað var um niðurstöðu kosninga til þjóðþinga og í sveitastjórnir. Hlutföll kvenna og karla í ríkisstjórnnum og stjórnmálaflokkum sem og stjórnir fyrirtækja, skráð í kauphöllum voru greind og einnig var hlutur kynanna í sætum stjórnarformanna fyrirtækja skoðaður. Skýrsla um rannsóknina og greinasafn eru komin út og eru aðgengileg á heimasíðu NIKK (www.nikk.no) og Jafnréttisstofu.

NIKK – NORRÆNA RANNSÓKNASTOFNUNIN Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM

NIKK er samnorræn rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum. Hún er fjármögguð af Norrænu ráðherranefndinni með aðsetur í Óslóarháskóla. Hlutverk NIKK er að samhfæfa norrænar kynjafræðirannsóknir og stefnumótun í jafnréttismálum. Starfsemi NIKK fer fram í samráði við norrænu jafnréttismálaráðherrana (MR-JÄM) og embættismannanefndina á sviði jafnréttismála (ÄK-JÄM). Jafnréttisstofa tilnefnir aðila til stjórnar NIKK fyrir hönd Íslands, ásamt Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK www.rikk.hi.is) sem ráðherra staðfestir. Nánari upplýsingar um NIKK má finna á slóðinni: www.nikk.no

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Stofan á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (CDEG), ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál, framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál og í vinnuhóp EFTA um jafnréttis og fjölskyldumál. Jafnréttisstýra hefur um árbil sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW). Fundurinn var haldinn í mars. Vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni hafði framkvæmdastýra Jafnréttisstofu mörg verkefni á sinni könnu þessu tengd. Hún stýrði m.a. fundum og flutti ræður fyrir hönd félagsmálaráðherra.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Samstarf er á milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Samkvæmt samstarfssamningi milli þessara aðila leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð með aðgangi að starfsmanni.

Í jafnréttislögum er kveðið á um að Jafnréttisráð skuli starfa í nánum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Jafnréttisráðs á slóðinni:

<http://jafnrettisrad.jafnretti.is/>

KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla leiðbeinir Jafnréttisstofa einstaklingum og lögaðilum sem leita til hennar um aðstoð og ráðgjöf. Jafnréttisstofa getur óskað þess að kærunefndin taki mál til meðferðar og getur kærunefndin einnig óskað eftir því að Jafnréttisstofa taki mál til sáttameðferðar.

Árið 2009 bárust kærunefndinni 10 mál, 7 frá konum og 3 frá körlum. Nefndin kvað upp úrskurði í sex málum, veitti eitt álit, framsendi eitt mál og tvö voru afturkölluð. Í álitinu sem nefndin gaf var málinu vísað frá. Nefndin úrskurðaði að ekki væri brotið gegn jafnréttislögum í fjórum úrskurðum af sex, í einu máli var úrskurðað um brot og í einu var úrskurðað brot varðandi einn þátt kærunefnis. Úrskurði kærunefndarinnar má nálgast á slóðinni:

<http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>